



BAUN 2024 2. – 12. MAÍ



BAUN, barna- og ungmennahátíð í Reykjanesbæ er á dagskrá dagana **2. til 12. maí** nk. Á hátíðinni setjum við börn, ungmenni og fjölskyldur í forgang með margvíslegum hætti. Markmið hátíðarinnar eru m.a. þau að:

- Að auka lífsgæði og vellíðan barna og íbúa Reykjanesbæjar
- Að skapa vettvang fyrir börn og fjölskyldur til virkrar þátttöku í samfélaginu

BAUN er umgjörð

BAUN er tækifæri eða verkfæri fyrir okkur sem samfélag til að beina sjónum að okkar mikilvægasta fólki, börnum og ungmennum, með skemmtilegri og jákvæðri umgjörð.

Gerum þetta saman

Allar stofnanir og svið Reykjanesbæjar, félög, hópar og fyrirtæki eru hvött til að setja BAUNina á dagskrá og taka þátt í hátíðinni með okkur.

Hvernig?

Hægt er að taka þátt í BAUNinni með margvíslegum hætti. Til dæmis með því að:

- Standa fyrir viðburði eða dagskrá af einhverjum toga
- Setja á oddinn þjónustu sem snýr að börnum t.d. í formi tilboða eða framboðs
- Bjóða fram aðstoð við viðburði á vegum BAUNarinnar
- Leita til okkar með hugmyndir eða spurningar

Hvenær?

- Óskað er eftir því að þeir sem hafa áhuga á að taka þátt láti vita í síðasta lagi **15. mars** (jafnvel þótt viðburðir og/eða möguleg útfærsla á þátttöku sé ekki fullfrágengin)
- Dagskrárliðir geta átt sér stað hvenær sem er á tímabilinu 2. - 12. maí
- Dagskrárliðir geta verið stakir viðburðir eða náð yfir hluta eða allt tímabilið

Hvert?

- Við tökum fagnandi á móti fyrirspurnum og upplýsingum um viðburði. Hægt er að hafa samband á netfangið gudlaug.lewis@reykjanesbaer.is.

Við óskum eftir ykkar þátttöku í BAUN 2024

f.h. BAUNarinnar,

Guðlaug María Lewis, menningarfulltrúi og

Halla Karen Guðjónsdóttir viðburðastjóri, halla.k.gudjionsdottir@reykjanesbaer.is

